

Fundargerð 115. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 7. september 2026, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Brothættar byggðir og útvíkkun verkefnisins**
- 2. Byggðaaætlun – vinna við þingsályktunartillögu**
- 3. Samráðsfundir með landshlutasamtökum sveitarfélaga**
- 4. Önnur mál**

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Ágúst Bogason (IRN), Áshildur Linnet (FRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Dagný Arnarsdóttir (URN), Donata Honkowicz Bukowska (MRN), Guðjón B. Guðbjartsson (FOR), Óli Halldórsson (MNH), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu), Páll Brynjarsson (SSV), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun), Sígíður Elín Þórðardóttir (Byggðastofnun) og Heba Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Guðný Hrafnkelsdóttir (ATRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Margrét Erlendsdóttir (HRN).

Formaður setti fundinn og bauð Helgu Harðardóttur og Kristján Þ. Halldórsson frá Byggðastofnun velkomin á fundinn en þau sátu fundinn undir fyrsta lið.

Umfjöllun og afgreiðsla:

- 1. Brothættar byggðir og útvíkkun verkefnisins**

Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson frá Byggðastofnun kynntu verkefnið Brothættar byggðir og fyrirhugaða útvíkkun verkefnisins. Góðar umræður sköpuðust í kjölfarið og þakkar stýrihópurinn Helgu og Kristjáni vel fyrir góða kynningu.

- 2. Byggðaaætlun – vinna við þingsályktunartillögu**

Formaður fór yfir þá vinnu sem stendur yfir við þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaaætlun, ásamt fimm ára aðgerðaaætlun, en stefnt er að því að sú vinna klárast í lok þessa mánaðar. Alls bárust 29 umsagnir um hvítbókina í samráðsgáttinni. Formaður óskaði eftir því að fulltrúar stýrihópsins skoði þær aðgerðir sem tengjast þeirra ráðuneytum með sínu samstarfsfólki.

- 3. Samráðsfundir með landshlutasamtökum sveitarfélaga**

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál fundar með öllum landshlutasamtökum á haustin. Venjan er að stýrihópurinn heimsæki tvo landshluta á ári og haldi þar staðfundi en aðrir fundir eru í fjarfundi. Formaður

opnaði umræðuna um mögulegar dagsetningar heimsókna til landshlutasamtaka haustið 2026. Í ár er komið að því að heimsækja Norðurland eystra (SSNE) og Suðurland (SASS). Formanni og verkefnisstjóra falið að finna dagsetningar sem henta í samráði við viðeigandi landshlutasamtök.

4. Önnur mál

Frumvarp til fjárlaga 2027.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2027 var kynnt á blaðamannafundi í dag og verður lagt fram á Alþingi í vikunni. Fulltrúi sambandsins opnaði á umræður um hvort boðuð hallalaus fjárlög gætu mögulega haft áhrif á byggðir landsins. Fram kom að skv. lögum um opinber fjármál (14. gr.) er Byggðastofnun falið að gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðapróun í landinu innan fjögurra vikna frá framlagningu frumvarpsins.

Annað ekki rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25.